

## **Drög að frumvarpi til laga**

### **um breytingar á lögum um Þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.**

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Á brott falla orðin „nafngjafir við skírnir eða nafngjafir án skírna,“.
- b. Við bætist nýr málslíður sem orðast svo: Tilkynningar forsjármanna barna um nafngjafir.

#### 2. gr.

Orðin „nafngjöf við skírn eða nafngjöf án skírnar,“ í 1. mgr. 7. gr. falla brott.

#### 3. gr.

Á eftir 7. gr. koma fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

##### a. (7. gr. a.)

Skylt er þeim sem fer með forsjá barns að tilkynna Þjóðskrá Íslands nafn þess innan sex mánaða frá fæðingu þess. Séu forsjármenn tveir skal tilkynning um nafn barns undirrituð af þeim báðum.

Tilkynni forsjármenn ekki um nafn barns innan tímafrests 1. mgr. eða tilkynni nafn sem hafnað er að skrá skv. 7. gr. b skal Þjóðskrá Íslands skora á þá að bæta þar úr án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á tilkynningu nafns er Þjóðskrá Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja á forsjármenn dagsektir og falla þær á þá á þar til bætt hefur verið úr. Um dagsektir fer að öðru leyti skv. 2. og 3. málsl. 1. mgr. 6. gr.

##### b. (7. gr. b.)

Við tilkynningu nafns til Þjóðskrár Íslands skal gefa upp fullt nafn einstaklings þar sem tilgreint er að minnsta kosti eitt eiginnafn og eitt kenninamn. Kenninamn skal vera kenning til annars eða beggja foreldra nema tilkynnandi kjósi annað nafn sem kenninamn.

Nöfn skulu rituð með bókstöfum íslenska stafrófsins, þar með töldum viðurkenndum sérstöfum. Eiginnöfn skulu vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis. Sé eiginnamn af íslenskum uppruna skal það falla að íslensku beygingarkerfi en það er ekki skilyrði ef um viðurkennt erlent nafn er að ræða. Uppfylli nöfn ekki skilyrði þessarar greinar ber Þjóðskrá Íslands að hafna skráningu.

Auk þess að gefa upp fullt nafn einstaklings skal tilkynnandi gefa upp birtingarnamn. Birtingarnamn skal dregið af fullu nafni og innihalda að minnsta kosti eitt kenninamn og eitt eiginnamn hans. Sé óskað eftir að birtingarnamn sé stytta með tilteknum hætti skal það tekið fram í tilkynningunni. Ef Þjóðskrá Íslands er ekki unnt að skrá birtingarnamn manns að fullu eða með þeim hætti sem óskað er eftir og ekki næst samkomulag um skráninguna tekur Þjóðskrá Íslands ákvörðun um hvernig skrá skuli nafnið.

##### c. (7. gr. c.)

Þjóðskrá Íslands er heimilt að leyfa manni breytingu á skráningu nafns síns, þar með talið að skrá nafn eða nöfn til viðbótar eða fella niður nafn eða nöfn, enda séu skilyrði 7. gr. b uppfyllt.

Breyting á nafni barns undir 18 ára aldri er háð því skilyrði að forsjármaður þess standi að beiðninni. Séu forsjármenn tveir skulu þeir báðir standa að beiðninni. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess og hafi orðið breyting á forsjánni frá því tilkynnt var

um nafn barnsins skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri tilkynningu. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur Þjóðskrá Íslands engu að síður heimilað nafnbreytingu ef ótvíræðir hagsmunir barns mæla með því.

Óski forsjármaður eftir því að barn undir 18 ára aldri, sem kennt er til kynforeldris síns, kenni sig til annars manns, skal leita samþykkis þess manns, sem og þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin. Nú er kynforeldrið ekki samþykkt breytingunni og getur Þjóðskrá Íslands þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Sé barn undir 18 ára aldri ættleitt er þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. heimilt að breyta nafni þess án þess að leitað sé samþykkis þess eða þeirra sem áður fóru með forsjá barnsins.

Breyting á nafni barns undir 18 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

Þjóðskrá Íslands er heimilt að taka gjald fyrir nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar.

e. (7. gr. d.)

Hjá Þjóðskrá Íslands skal skrá kennitölu allra einstaklinga sem þar eru skráðir en kennitalan er sérstakt og einkvæmt persónuauðkenni. Einungis er heimilt að breyta kennitölu eða að fá nýja kennitölu útgefna ef slík breyting byggist á lagaheimild eða er nauðsynleg vegna leiðréttingar, svo sem vegna misritunar við skráningu og þá því aðeins að fullnægjandi gögn séu lögð fram til grundvallar leiðréttingu.

d. (7. gr. e.)

Á öllum opinberum skráum og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og birtingarnafn þeirra er skráð hjá Þjóðskrá Íslands á hverjum tíma. Með sama hætti skulu menn tjá nafn sitt í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð svo og í öllum lögskiptum.

4. gr.

Í stað orðanna „Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 4. og 5. gr.“ í 8. gr. kemur: Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 4., 5. og 7. gr. a.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í upptalningu í 3. mgr. á eftir orðunum „skráningu og rekstur þjóðskrár“ bætast orðin: þar á meðal um umritunarreglur erlendra stafmerkja, um hámarkslengd birtingarnafns og um styttingu birtingarnafns.
- b. Við bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo: Ákvarðanir Þjóðskrár Íslands skv. 7. gr. a-d er hægt að kæra til ráðuneytisins. Um kærufrest og málsmeðferð að öðru leyti fer eftir ákvæðum VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi (xxxx). Frá sama tíma falla úr gildi lög um manannöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

## **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

### **I. Inngangur.**

Í frumvarpi þessu er lagt til að lög um mannanöfn nr. 45/1996 verði felld brott. Lágmarksákvæði um skyldu til nafngjafar, kröfur sem nöfn þurfa að uppfylla, skilyrði skráningar nafna í þjóðskrá og breytingar á skráðum nöfnum eru felld inn í lög um þjóðskrá

og almannaskráningu en að öðru leyti falla úr lögum þær takmarkanir sem nú eru á mannanöfnum. Þar á meðal eru takmarkanir á fjölda nafna, vernd ættarnafna, skilyrði um að kenninöfn séu föður- eða móðurnöfn eða ættarnöfn og takmarkanir á heimild til að bera erlend nöfn. Þá falla á brott ákvæði um mannanafnaskrá og mannanafnanefnd, sem og ákvæði um hlutverk presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna og presta annarra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga við nafngjafir. Frumvarpið er samið í innanríkisráðuneytinu.

## II. Tilefni lagasetningar.

Opinber umræða um nafnahefðir Íslendinga hófst um og upp úr aldamótunum 1900 og átti rætur að rekja til mikilla samfélagsbreytinga en einnig vaxandi þjóðernishyggju. Ör þróun þjóðfélagsins annars vegar og margvísleg ný menningarleg áhrif með auknum tengslum við útlönd hins vegar hlaut að hafa afleiðingar og áhrif á nafnahefðir og nafnaforða, sem og íslenskt mál almennt.

Allt frá landnámi hefur sá siður verið hafður í heiðri að börn kenni sig við föður. Einnig hefur tíðkast að kenna sig við móður en það var ávallt sjaldgæfara. Þó má finna örfá dæmi um slíkt þegar í fornþókmennnum. Kenninafnasiðurinn er forngermanskur og eru Íslendingar í hópi örfárra þjóða sem hafa haldið honum við.

Ættarnöfnum og ýmsum nýnefnum fór fjölgandi um og upp úr miðri 19. öld og urðu þau mjög umdeild í kringum aldamótin 1900. Ættarnöfnin áttu sér bæði andstæðinga og málsvara en togstreituna mátti rekja að talsverðum hluta til þeirrar þjóðernishyggju sem fylgdi sjálfstæðisbaráttu landsmanna. Óttast var að ættarnöfnin myndu fljótlega útrýma hinum forna kenninafnasið. Þá varð mönnum tíðrætt um svokölluð „ónefni“ eða „skrípanöfn“ sem foreldrar væru farnir að gefa börnum sínum og varð þetta tvennt til þess að opinberar umræður um mannanöfn og nafnasiði fóru vaxandi og rötuðu loks inn á Alþingi árið 1911.

Töluverðar deilur urðu um málið á Alþingi en svo fór að samþykkt voru lög um mannanöfn haustið 1913 sem tóku gildi frá og með 1. janúar 1914. Lögin voru nokkuð rækileg, tóku til helstu atriða er snerta nafngjafir og voru frjálsslynd í ljósi þess sem síðar gerðist í löggjöf á þessu sviði og reyndar allt fram á þennan dag.

Gildandi lög um mannanöfn eru frá árinu 1996 (nr. 45/1996). Í lögnum er kveðið á um framkvæmd nafngjafar og rétt og skyldu forsjármanna til að gefa börnum sínum nöfn. Þá er þar settur rammi um nafngjafir að öðru leyti, svo sem um fjölda nafna og þau skilyrði sem nöfn þurfa að uppfylla út frá hefðum og reglum íslensks máls, auk þess sem ættarnöfn njóta sérstakrar verndar. Loks kveða lögin á um mannanafnaskrá og störf mannanafnanefndar, sem meðal annars hefur það hlutverk að skera úr álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir og nafnritun.

Í greinargerð með frumvarpi gildandi laga lýstu frumvarpshöfundar markmiðum sínum með frumvarpsgerðinni þannig að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en þeir álíti hins vegar að yfirleitt sé farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði. Nafn manns sé einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varði fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hljóti og að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður. Sumir nafnasiðir séu þó þess eðlis að þeir snerti ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og sé réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Þetta eigi einkum við um íslenska kenninafnasiðinn.

Á undanförnum árum hefur umræða um mannanafnalöggjöfina verið áberandi í samfélaginu, meðal annars í tengslum við ákvarðanir mannanafnanefndar sem sker úr álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar. Hefur því sjónarmiði vaxið ásmegin að réttur manna til að ráða sjálfir nöfnum sínum og barna sinna sé ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að takmarka þennan rétt. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar 2013 var byggt á því að réttur manns til nafns félli undir vernd 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar á friðhelgi einkalífs. Því til stuðnings var vísað til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu sem fellt hefur réttinn til nafns undir 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu en hún er efnislega samhljóða 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að réttur til nafns verði aðeins takmarkaður með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu.

Á 143. löggjafarþingi (2013–2014) lögðu fjórtán þingmenn fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um mannanöfn þar sem lagðar voru til róttækar breytingar á núgildandi löggjöf. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var meginmarkmið þess að undirstrika þá meginreglu um nöfn og nafngiftir að almennt skuli gert ráð fyrir því að nöfn séu leyfð, að foreldrum sé treyst til að velja börnum sínum nafn og að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé virt. Fól frumvarpið í sér að mannanafnanefnd yrði lögð niður og að þær kvaðir sem lög um mannanöfn fela í sér varðandi ættarnöfn yrðu felldar brott. Þá fólst í frumvarpinu að ákvæði um að stúlkum skuli gefin kvenmannsnöfn og drengjum karlmannsnöfn yrðu felld brott og jafnframt ákvæði um að nöfn megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Í frumvarpinu var einnig kveðið á um að ákvæði þess efnis að nafn megi ekki vera nafnbera til ama verði felld brott. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að nafn einstaklings sé nátengt sjálfsmýnd og sjálfsvitund fólks og að hagsmunir einstaklinga af því að fá að heita nafni sínu séu ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að fólk fái ekki að heita ákveðnu nafni.

Frumvarpið fór til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem fram kom sú áhersla nefndarinnar að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum um mannanöfn. Nefndin telji að við heildarendurskoðun laganna skuli hafa að leiðarljósi rétt hvers manns til nafns, sem njóti verndar skv. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu og að sá réttur verði aðeins takmarkaður með sérstakri lagaheimild og ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Þörf sé á að breyta lögum um mannanöfn til að þau séu í sem bestu samræmi við ríkjandi viðhorf og aðstæður í samfélaginu. Horfa yrði hins vegar til ólíkra sjónarmiða í því efni. Varð niðurstaða allsherjar- og menntamálanefndar að leggja til að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Af hálfu ráðuneytisins var þá þegar hafin undirbúningur á endurskoðun mannanafnalaga. Á árinu 2015 opnaði innanríkisráðuneytið á vef sínum fyrir samráð við almenning um hvort þörf væri á að endurskoða mannanafnalög og um hugsanlegar breytingar á lögnum. Til umræðu og skoðanaskipta voru settir fram þrjú möguleikar:

*a. Hvorki er talin þörf á endurskoðun ákvæða mannanafnalaga um nafngjafir né störf mannanafnanefndar. Þeir almannahagsmunir sem liggja að baki ákvæðunum eru óbreyttir en í störfum mannanafnanefndar verði framvegis lögð meiri áhersla á þau sjónarmið sem fram hafa komið í dómaframkvæmd.*

*b. Rétt er talið að gera tiltekna breytingar á mannanafnalögum, m.a. út frá þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið hjá dómstólum. Áfram verða í löggjöf reglur um nöfn*

*og nafngjafir en þær endurskoðaðar út frá sjónarmiðum í samfélaginu í dag. Þá verður hlutverk mannanafnanefndar jafnframt endurskoðað með hliðsjón af þessu.*

*c. Rétt er talið að fella úr mannanafnalögum takmarkanir á nafngjöf og gefa þannig fullorðnum einstaklingum og foreldrum barna frelsi til að velja nöfn sín og barna sinna. Mannanafnanefnd er þá óþörf og hún því lögð niður. Rétt er að geta þess að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp 14 þingmanna til breytinga á mannanafnalögum þar sem þessi leið er lögð til.*

Ráðuneytinu bárust 30 umsagnir. Meirihluti þeirra sem sendu inn umsagnir studdu síðasta möguleikann og kölluðu eftir auknu frelsi einstaklinga við nafngjöf.

Í framhaldinu fór ráðuneytið í viddækkara samráð í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands þar sem leitast var við að kanna nánar skoðanir fólks til málsins. Gerð var könnun sem náði til 1.437 einstaklinga, 18 ára og eldri, og svöruðu 873 eða 61%. Könnunin fór fram á tímabilinu 15. júní til 12. júlí og náði til meðlima í svonefndum netpanel Félagsvísindastofnunar. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að meirihluti þátttakenda, eða 60% svarenda, vill að reglur um mannanöfn verði rýmkaðar.

### III. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér að lög um mannanöfn nr. 45/1996 eru felld á brott en í lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962 eru færð tiltekin tæknileg ákvæði um nöfn og skráningu þeirra í þjóðskrá. Þau ákvæði, sem eru nokkuð breytt frá gildandi lögum, fela í sér að:

- Við tilkynningu til Þjóðskrár Íslands skal gefa upp fullt nafn, ritað með bókstöfum íslenska stafrófsins. Engar takmarkanir eru á fjölda eða lengd nafna.
- Einu formskilyrði eiginnafna eru að þau skulu vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis. Nafnorð eru heiti á einhverju, svo sem persónum, dýrum, hlutum eða hugmyndum.
- Sé nafn af íslenskum uppruna skal það falla að íslensku beygingarkerfi en ekkert skilyrði er um slíkt ef um viðurkennt erlent nafn er að ræða. Með viðurkenndu erlendu nafni er átt við nafn sem viðurkennt er samkvæmt nafnalöggjöf annarra ríkja.
- Við skráningu skal að auki tilgreina svokallað birtingarnafn sem dregið skal af fullu nafni einstaklingsins og innihalda a.m.k. eitt eiginnafn og eitt kenninamn hans. Hægt er að óska eftir því að birtingarnafn sé stýtt með einhverjum hætti. Birtingarnafnið er það nafn sem birt er notendum þjóðskrár og notað í opinberum skráum og skjölum, svo sem í vegabréfum. Birtingarnöfnum verða sett tiltekin tæknileg takmörk, fyrst og fremst varðandi lengd þeirra, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Kveðið er á um skyldu til að tilkynna Þjóðskrár Íslands nöfn barna innan sex mánaða frá fæðingu þeirra að viðlögðum dagsektum. Forsjáradilar munu einir hafa þetta hlutverk og koma prestar og forstöðumenn trúfélaga og lífsskoðunarfélaga ekki lengur að því.

Áskilið er að á öllum opinberum skráum og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og nafn þeirra er skráð hjá Þjóðskrár Íslands á hverjum tíma en hið skráða birtingarnafn verður nú notað. Með sama hætti skulu menn tjá nafn sitt í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, svo og í öllum lögskiptum.

Nýmæli er að ákvæði um kennitöluna verður fært í lögin en mikilvægi hennar mun aukast sem persónuauðkennis með því frelsi í nafngjöfum sem frumvarpið felur í sér. Þá verður einnig kveðið á um það með skýrum hætti að ákvarðanir Þjóðskrár Íslands verði nú kærnanlegar til ráðherra.

Helstu breytingar frumvarpsins felast á hinn bóginn í því að flest efnisleg ákvæði nógildandi mannanafnalaga um takmarkanir á mannanöfnum falla burt. Þar með talin eru:

- a. Ákvæði um hámarksfjölda nafna.
- b. Ákvæði um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli, megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi og skuli ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess. Einu kröfurnar sem gerðar verða til eiginnafna eru að þau skulu vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis. Sé eiginnafn af íslenskum uppruna skuli það falla að íslensku beygingarkerfi en sú krafa er ekki gerð ef um viðurkennt erlent nafn er að ræða.
- c. Ákvæði um að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn.
- d. Ákvæði um að eiginnöfn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.
- e. Ákvæði um millinöfn, hugtakið ekki lengur notað.
- f. Ákvæði um ættarnöfn, engar takmarkanir verða á notkun ættarnafna og því fellur bæði á brott öll vernd eldri ættarnafna, sem og bann við nýjum.
- g. Ákvæði um að maður skuli kenna sig til foreldra sinna ef hann ber ekki ættarnafn.
- h. Ákvæði um takmarkanir á notkun erlendra nafna en kveðið er á um að nöfn skuli rita í þjóðskrá með bókstöfum íslenska stafrófsins.
- i. Ákvæði um takmarkanir á fjölda nafnbreytinga, þó kveðið sé á um gjaldtökuheimild Þjóðskrár Íslands vegna nafnbreytinga.

Síðast en ekki síst felur frumvarpið í sér að öll ákvæði gildandi laga um mannanafnanefnd og hlutverk hennar eru felld á brott. Þá eru ákvæði um mannanafnaskrá einnig felld niður.

#### **IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Eins og segir í greinargerð með frumvarpi 14 þingmanna til breytinga á gildandi mannanafnalögum, sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi, hefur nafn manns verið talið einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar hans. Nöfn varða fyrst og fremst einkahagi fólks og persónurétt þess en síður hagsmuni alls almennings. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns er mikill og óumdeildur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum er að sama skapi takmarkaður.

Réttur manns til nafns er talinn njóta verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Því til stuðnings var vísað til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, sem felld hefur réttinn til nafns undir 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu en hún er efnislega samhljóða 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að réttur til nafns verði aðeins takmarkaður með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Frumvarpið felur í sér að réttindum einstaklinga til að velja sér og niðjum sínum nöfn er veittur skýr og afdráttarlaus forgangur fram yfir hagsmuni annarra af því að takmarka það frelsi. Þá eru felldar niður flestar heimildir ríkisvaldisins til afskipta af mannanöfnum. Samræmist efni frumvarpsins því bæði ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að það verði eingöngu forsjármenn barna sem beri þá skyldu að tilkynna nafngjafir þeirra til Þjóðskrár Íslands. Prestar þjóðkirkjunnar og forstöðumenn annarra trúfélaga fari ekki lengur með það hlutverk gagnvart Þjóðskrá Íslands.

Um 2. gr.

Felld er á brott refsíabyrgð presta þjóðkirkjunnar og forstöðumanna annarra trúfélaga á því að tilkynna ekki um nafngjöf til Þjóðskrár Íslands innan tímafrests, enda er í frumvarpinu byggt á því að sú skylda verði felld niður, sbr. 1. gr. Það skal tekið fram að samsvarandi refsíabyrgð er ekki lögð á forsjármenn barna skv. frumvarpinu.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að fimm nýjar greinar bætist við lög um þjóðskrá og almannaskráningu sem varða skráningu og breytingu á skráningu nafna hjá Þjóðskrá Íslands, auk sérstaks ákvæðis um kennitölur einstaklinga. Þessar greinar hafa jafnframt að geyma þau skilyrði sem uppfylla þarf við skráningu nafns hjá Þjóðskrá en þau skilyrði snúa að því að framkvæmanlegt sé að skrá nafnið og nota það í opinberum skrá og í lögskiptum manna á milli.

a. Um 7. gr. a: Hér er kveðið á um skyldu forsjármanna til að tilkynna Þjóðskrá Íslands um nafn barns innan sex mánaða frá fæðingu þess, auk þess sem kveðið er á um heimild til að beita forsjármenn dagsektum að undangengnum ítrekuðum áskorunum ef sú skylda er ekki uppfyllt eða skráningu nafns er hafnað, sbr. 7. gr. b., en sambærilegt ákvæði er nú í 1. mgr. 25. gr. mannanafnalaga. Hér er aftur á móti ekki kveðið sérstaklega á um það hvernig börn geta öðlast nöfn eins og gert er í 2. mgr. 2. gr. gildandi mannanafnalaga og er því gert ráð fyrir því að forsjármenn ráði því alfarið sjálfir hvernig staðið er að nafngjöf.

b. Um 7. gr. b: Í 1. mgr. er fjallað um skráningu nafna hjá Þjóðskrá Íslands og þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til eiginnaafna. Felast þær í því að eiginnöfn skulu vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis. Sé eiginnafn af íslenskum uppruna skal það falla að íslensku beygingarkerfi en það er ekki skilyrði ef um viðurkennt erlent nafn er að ræða.

Við skráningu nafns skal annars vegar gefa upp fullt nafn viðkomandi einstaklings og hins vegar svokallað birtingarnafn sem er birt notendum þjóðskrár og notað í opinberum skrá og skjölum, svo sem í vegabréfum. Tilgreina þarf við skráningu að minnsta kosti eitt eiginnafn og eitt kenninafn en kenninafn er kenning til foreldra eða eitthvað annað nafn, kjósi tilkynnandi það. Lítil takmörk eru því í raun á því hvaða nöfn geta verið eiginnöfn eða kenninöfn eða hve mörg þau nöfn geta verið. Lengd birtingarnafns kann þó að þurfa að takmarka eftir nánari reglum þar að lútandi, sbr. a-lið 5. gr. frumvarpsins.

Erlendir bókstafir verða ekki skráðir í Þjóðskrá þar sem Þjóðskrárkerfið styður ekki við aðrar stafi en íslenska. Nöfn skulu því skráð með bókstöfum íslenska stafrófsins, þar með töldum viðurkenndum sérstöfum þess, en við skráningu nafna sem innihalda erlenda bókstafi er rétt að stuðst verði við umritunarreglur samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Af þessu leiðir að nöfn verða hvorki skráð með annars konar lettri né með tölustöfum, greinarmerkjum eða öðrum slíkum táknum, að undanskildum punktum við styttingu nafna og bandstrikum milli nafna þar sem þess er óskað.

Kveðið er á um hvernig skuli brugðist við ef nafn uppfyllir ekki lágmarksskilyrði eða ef ekki reynist unnt að skrá birtingarnafn manns með þeim hætti sem óskað er eftir. Uppfylli nafnið ekki lágmarksskilyrði skal Þjóðskrá Íslands hafna skráningu og fer þá um málsmeðferð eftir ákvæðum 2. mgr. 7. gr. a. Sé ekki unnt að skrá birtingarnafn manns með þeim hætti sem óskað er eftir skal Þjóðskrá Íslands reyna að ná samkomulagi um skráninguna en takist það ekki tekur hún ákvörðun um hvernig birtingarnafnið er skráð. Þessar ákvarðanir eru kæránlegar til ráðuneytisins, sbr. b-lið 5. gr. frumvarpsins.

c. Um 7. gr. c: Hér eru tekin upp sambærileg ákvæði og þau sem nú er að finna í VI. kafla laga um mannanöfn en þar er annars vegar fjallað um rétt manna til breytinga á nafni sínu og hins vegar rétt kynforeldra til að koma að ákvörðunum um breytingar á nöfnum barna sinna. Það skal tekið fram að kynforeldri, sem ekki hefur veitt samþykki sitt fyrir því að barn þess sé kennt við annan mann, sbr. niðurlag 3. mgr. c-liðar, mun geta kært ákvörðun Þjóðskrár Íslands um slíkt til ráðuneytisins á grundvelli b-liðar 5. gr. frumvarpsins.

d. Um 7. gr. d: Hér er lagt til að kveðið sé með skýrum hætti á um að skrá skuli kennitölu allra einstaklinga í Þjóðskrá enda er um afar mikilvægt persónuauðkenni að ræða sem ekki er kveðið á um í gildandi lögum. Skráning í Þjóðskrá er ætlað að uppfylla þarfir Þjóðfélagsins til þess að fá upplýsingar um meðal annars auðkenningu einstaklinga en fyrirjáanlegt er að gildi kennitöluunnar muni aukast enn með því frelsi sem frumvarpið felur í sér varðandi nöfn einstaklinga. Skilyrði breytingar á kennitölu er að annað hvort sé fyrir henni sérstök lagaheimild eða að ótvírætt sé að mistök hafi orðið við skráningu hennar. Augljóslega eru gerðar nokkuð strangar kröfur til þess að heimilt verði að breyta kennitölu einstaklings þar sem kennitalan er einkvæmt persónuauðkenni sem að meginstefnu til á að vera óbreytanlegt alla ævi.

e. Um 7. gr. e: Hér er tekið upp sambærileg ákvæði við það sem nú er að finna í 19. gr. laga um mannanöfn um að skráning nafns hjá Þjóðskrá Íslands ráði skráningu nafnsins í opinberum skrá og í opinberum gögnum en þar má sem dæmi nefna kjörskrá, vegabréf og önnur skilríki. Verður birtingarnafn eins og það er skráð notað í þessum tilgangi, sbr. 7. gr. b. Þá skulu menn jafnframt tjá nafn sitt með þeim sama hætti í skiptum við opinbera aðila við samningsgerð og í öllum öðrum lögskiptum, enda mikilvægt að ekki leiki vafi á því við hvern er átt við slíkar aðstæður.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Hér er annars vegar kveðið á um það að ráðherra geti sett frekari ákvæði um skráningu nafna hjá Þjóðskrá Íslands, þ.m.t. varðandi frekari takmarkanir á skráningu vegna tæknilegra



takmarkana. Gætu þær takmarkanir til dæmis snúið að takmörkun á fjölda skráðra nafna eða lengd þeirra. Hins vegar er kveðið á um það að ákvarðanir Þjóðskrár Íslands skv. 7. gr. a-d sé hægt að kæra til ráðuneytisins en þær ákvarðanir snúa m.a. að beitingu dagsekta, ákvörðun um hvernig nafn skuli skráð eða um að hafna skráningu og um afgreiðslu beiðna um breytingar á skráningu nafns eða kennitölu.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.